

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 390/1999, um greiðslufrest á aðflutningsgjöldum, með síðari breytingum.

1. gr.

2. málsl. 1. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Ákvæði reglugerðarinnar taka þó ekki til vörugjalds af ökutækjum, vörugjalds af eldsneyti eða áfengisgjalds.

2. gr.

3. tölul. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

3. gr.

Orðin „Um greiðslu álags vegna vangreidds áfengisgjalds fer eftir ákvæðum laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum.“ í 8. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar falla brott.

4. gr.

Orðin „1. mgr. 5. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi, með síðari breytingum“ í 7. gr. reglugerðarinnar falla brott.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 4. mgr. 5. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 96/1995, um gjald af áfengi og tóbaki, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 19. apríl 2005.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Fögruvík í landi Pétursborgar í Hörgárbyggð.

Sveitarstjórn Hörgárbyggðar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Fögruvík í landi Pétursborgar í Hörgárbyggð.

Breytingin felst í því að bætt er við tveimur byggingarreitum (lóðir 11 og 12) austan núverandi frístundabyggðar í Fögruvík. Á uppdrættinum kemur fram að stærð húsanna verði um 63 fm en að öðru leyti er vísað í skilmála með gildandi deiliskipulagi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Glæsibæjarhrepps 15. júní 1993.

Erindi þetta hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og Skipulagsstofnun hefur farið yfir málsgögn skv. 3. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hörgárbyggð, 12. apríl 2005.

Helga A. Erlingsdóttir sveitarstjóri.